

117. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi
haldinn 16. september 2015 kl. 16.30 í Fjölheimum

Mætt: Þór Hreinsson, Elín Einarasdóttir, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Guðríður Aadnegard, varamaður og Gylfi Þorkelsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri. Magðalena Jónsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Starfið á haustönn 2015

Frkv.stj. kynnti. Á haustönn eru nokkrar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í gangi, Sölu- markaðs og rekstrarnám í staðnámi á Selfossi, samtals 273 kest., Leikskóla- og stuðningsfulltrúabré í fjarnámi um svæðið, 120 kest. og Félagsliðabré einnig í fjarnámi víða um svæðið, 128 kest. Einnig Menntastoðir, 660 kest. í stað- og dreifnámi, sem veitir réttindi til að fara á háskólabré í framhaldinu. Fleiri námsleiðir eru, Skrefið í staðnámi á Höfn, samtals 60 kest. og Myndlistarsmiðja, einnig í staðnámi á Höfn, 120 kest.

Innritun í tómstundanámskeið stendur yfir og kemur í ljós síðar hver niðurstaðan verður með fjölda námskeiða.

Fyrir fatlaða eru í boði tómstundanámskeið, og þau fyllast. Það sem er nýtt núna er listnámsbraut sem búið er að skipuleggja í vetur og einnig tvö námskeið næsta vetur.

Raunfærnimatsnámskeið standa yfir á leikskólabré, félagsliðabré og á hestabraut. Þá verða unnir gátlistar vegna raunfærnimats á fjallamennskubraut FAS.

Íslenskunámskeið fyrir útlendinga eru á Selfossi, væntanlega í Reykholti, Hellu, Hvolsvelli, Vík og Höfn. Óskir frá fyrirtækjum um þessi námskeið eru í athugun.

Vinna við skipulagningu námskeiða og greiningu þarfar fyrir næstu önn er þegar hafin.

2. Sóknaráætlun Suðurlands, staða og horfur

Frkv.stj. kynnti. Mikið hefur munað um styrki úr Sóknaráætlun undanfarin ár. Ekki liggur enn fyrir hvort og þá hve háan styrk FSS fær úr Sóknaráætlun þetta

árið. Frkv.stj. FSS og Háskólafélags Suðurlands hafa skilað skýrslu vegna málsins og fundað með umsjónarmanni Sóknaráætlunar hjá SASS.

3. Rekstrarmál

Ýmsir styrkir sem gert hafði verið ráð fyrir í rekstraráætlun hafa reynst töluvert rýrari en áætlað hafði verið, t.d. Erasmusstyrkur og styrkur úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu, auk þess sem enn er óvíst með styrk frá Sóknaráætlun, sjá lið 2. Einnig lækkar framlag í námsleiðir FA nokkuð. Launþróun hefur orðið með þeim hætti að launakostnaður sýnist verða nálægt 50% um af veltunni, í stað um 40% hingað til. Ljóst er því að tekjur verða minni en áætlun gerir ráð fyrir. Ekki er séð hvaða aðrir liðir gætu skapað auknar tekjur til að mæta tekjutapinu.

Rætt um launþróun innan stofnunarinnar undanfarin ár og horfurnar framundan. Ekki er enn búið að semja við öll stéttarfélag sem starfsmenn FSS eiga aðild að, svo staðan er óljós hvað launakostnað varðar og þar með rekstur stofnunarinnar.

4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri kynnti þá ákvörðun sína að láta af störfum í árslok. Stjórn virðir ákvörðun framkvæmdastjóra en lýsir eftirsjá og jafnframt miklu stolti yfir þeim árangri sem stofnunin hefur náð undir hans stjórn.

5. Önnur mál

Rætt um húsnæðismál. Unnið var í rakaviðgerðum í sumar og nú er allt annað loft í þeim rýmum sem áður láku, t.d. kennslueldhúsi. Einnig er lofsvert að mynd er að komast á skipulag umhverfis stofnunina og aðkoman stefnir í að verða öll til fyrirmyndar.

Fundi slitið kl. 18:40